Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Starfsleyfisskilyrði

Fyrir æfingasvæði Brunavarna Suðurnesja kt. 490775-0569 að Ferjutröð 15, 262 Reykjanesbæ

1. Gildissvið

1.1 Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir slökkvi-, björgunar-, mengunarvarnaræfingar og reykköfun. Um sértæk starfsleyfisskilyrði er að ræða sem viðbót við almenn starfsleyfisskilyrði sem gilda einnig fyrir starfsemina.

1.2 Slökkvi- og mengunarvarnaræfingar er einungis heimilt að fara fram á fyrirfram tilgreindum svæðum sem hægt er að finna í viðauka 1 með þessum skilyrðum og skilgreiningum í samræmi við greinagerð um starfsemina. Með öllu er óheimilt að æfa slökkvi- og mengunarvarnaræfingar með opnum eld eða mengandi efnum á öðrum stöðum en tilgreint er í viðauka 1 innan sem utan skilgreinds athafnarsvæðis án samráðs og sérstaks leyfis Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

1.3 Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018, þó eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin fyrr ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfið sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni sem leiðri til bættra mengunarvarna.

1.4 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. Starfshættir

2.1 Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum eða eftir atvikum bestu fáanlegu tækni (BAT) sé hún tiltæk (sbr. 7. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit) og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið.

2.2 Starfsleyfisskilyrðin gilda til æfinga með ómálað timbur, hreina olíu, gas og önnur efni sem kunna að valda mengun, við brunaæfingar skal kappkostað við að velja efni sem gefa ekki frá hættulegar eiturgufur t.a.m. plast- eða spilliefni. Við æfingar skal tryggja að olía, sót eða önnur mengandi efni berist ekki út fyrir fyrirfram tilgreind svæði í samræmi við viðauka 1, afrennsli frá þeim svæðum skal leitt í gegnum olíuskilju. Tryggja skal að mengandi efni berist ekki í jarðveg.

2.3 Allt efni til æfinga skal geymt í gámum, öruggum byggingum eða öðrum læstum ílátum. Viðeigandi leyfi byggingarfulltrúa skulu liggja fyrir staðsetningu gáma, skips og annarra mannvirkja. Gámum og ílátum skal vel haldið við þ.a. þau séu ekki lýti á umhverfið og skal reyna að fella gáma vel að umhverfi eins og kostur er. Athafnar- og æfingasvæðum skal haldið snyrtilegum og þess gætt að svæði mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir sem ekki eru í notkun eða starfseminni óviðkomandi.

2.4 Þegar kveikt er í gámum eða öðrum eldmat skal leitast við að nota eins lítið af olíu og komist verður af með. Nota skal hreina olíu við uppkveikju, önnur meðhöndlun eldfima vökva á svæðinu er óheimil.

2.5 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara ef fyrirhugaðar eru breytingar á fyrirkomulagi æfinga og/eða rekstri svæðisins.

2.6 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja tafarlaust um mengunarslys sem kunna að verða.

2.7 Þegar starfsemi er lögð niður skal fjarlægja gáma, skip, ílát, mannvirki og annan búnað sem tengist æfingunum og skilja við svæðið þ.a. sem minnst ummerki starfseminnar verði eftir. Komi í ljós mengun á svæðinu skal rekstraaðili láta hreinsa svæðið á sinn kostnað.

3. Mengunarvarnir

3.1 Við slökkviæfingar er einungis er heimilt að brenna ómálað timbur, hreina olíu og gas og skal magni brennsluefnis stillt í hóf og það nýtt eins vel og kostur er. Óheimilt er að, brenna úrgangsolíu. Brennsluefni skal geymt á öruggan hátt og með þeim hætti að það dreifist ekki um nágrenni æfingasvæðis fyrir eða eftir æfingar.

3.2 Áformi rekstraaðili að nýta bifreiðar við slökkviæfingar skal halda skrá þau áform í samræmi við lýsingu hér að neðan, skráin skal vera aðgengileg Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja við reglubundið eftirlit og fyrirvaralaust eftirlit. Bifreiðar skulu vera tæmdar af öllum vökvum fyrir æfingu sem og kælimiðlum. Liggja þarf fyrir vottorð þess til staðfestingar ásamt mynd fyrir hverja bifreið fyrir sig. Rekstraaðili skal ganga úr skugga um að aðili sem sér um að undirbúa bifreiðar fyrir æfingar hafi til þess bært starfsleyfi eða samþykkta skráningu. Óheimilt er að setja úrgang eða annan eldsmat inn í bifreiðarnar. Tryggja skal að almenningi stafi ekki hætta af reyk og eiturgufum sem berast frá brennandi bifreiðum.

3.3 Rekstraaðili skal tryggja að yfirborð þar sem slökkviæfingar eru heimilaðar sé þétt á samskeytum og ósprungið þannig að ekki sé hætta á að olíuefni berist í jarðveg. Hafa skal reglubundið innra eftirlit með fyrrgreindum þætti sem og olíuskilju og niðurföllum að olíuskilju og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.

3.4 Eingöngu skal nota vatn og slökkviefni sem innihalda ekki mengandi efnasambönd við æfingar. Takmarka skal notkun slökkviefna eins og kostur er.

3.5 Á athafnarsvæðinu skuli vera sorpílát og sér ílát eða gámur fyrir ösku og brunaúrgang, gámar og ílát skulu verða þétt þannig að mengandi geti ekki lekið úr þeim. Öllum úrgangi skal fargað á viðurkenndan hátt og flokkaður eins og kostur er. Athafnarsvæðið skal tryggilega afgirt.

3.6 Æfingar skulu einungis fara fram þegar vindátt og vindstyrkur er það lítill að reykur valdi ekki óþægindum í nærliggjandi byggð, ógni flugöryggis- eða athafnarsvæði.

3.7 Verði olía notuð til uppkveikju skal geyma hana á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Olíu skal meðhöndla af varúð og þess vandlega gætt að hún berist ekki í jarðveg eða valdi umhverfisskaða.

3.8 Afla ber leyfis fyrir notkun olíugeyma og skulu eldsneytistankar og olíulagnir m.a. vera með samþykki byggingafulltrúa í samræmi við reglugerð nr. 887/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

3.9 Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þjónustuvakt/stjórnstöð utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt óhapp eða atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

4. Innra eftirlit og skráningar

4.1 Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og umhverfis- og rekstrarþáttum sem valda mengun eða losun efna út í umhverfið.

Rekstraraðili skal halda eftirlitsdagbækur þar sem skráð eru atriði er varða fyrirkomulag æfinga, þ.m.t. reglubundnar tæmingar mengunarvarnarbúnaðs og viðhald sem skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

a. Æfingar, skilgreina skal hvort um sé að ræða slökkvi-, björgunar- eða mengunarvarnaræfingar.
b. Magn olíu, gass, timburs eða aðra íkveikjumiðla sem notaðir er við æfingar
c. Upplýsingar um þjónustuaðila vegna losunar/meðhöndlunar úrgangs. Kvittanir frá móttökuaðila skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
d. Óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna ef við á.
e. Fjölda bifreiða sem notaðar eru við æfingar ásamt staðfestingu (vottorði) frá aðila með tilskilin leyfi um að mengandi efni hafi verið fjarlægð úr bifreiðunum.

5. Lög, reglugerðir og gjaldskylda

5.1 Starfsleyfisskilyrði þessi eru sértæk fyrir æfingasvæði brunavarna og fellur gjald vegna reglubundins eftirlits inn í það starfsleyfi. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá. Gildistími starfsleyfis er tilgreindur á starfsleyfisskjali.

5.2 Ákvæði um eftirlit, upplýsingagjöf, skráningar, ábyrgðir og þvingunarúrræði er að finna í eftirfarandi lögum og reglugerðum sem eiga helst við um starfsemina. Önnur lög eða reglugerðir kunna einnig að eiga við.

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.
- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs
- Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.
- Reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun.
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
- Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

19. október 2026

Viðauki 1


Brunavarnir Suðurnesja - Æfingarsvæði við Ferjutröð 15, Ásbrú
Mkv. enginn, dags 22.10.2025 - Svæðaskipting
VERKFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA
Ferjutröð 15
Æfingarsvæði
F=27.879 m²
Svæði 1
532 m²
Svæði 2
1280 m²
Svæði 3
930 m²
Svæði 4
2081 m²
Svæði 5
1398 m²
Svæði 6
1568 m²
Svæði 7
368 m²
Svæði 8
1713 m²
Svæði 9
2200 m²
Núverandi húsnæði notað fyrir æfingar í reykköfun og fl.
Inntök
Brunahani
Hafnavegur
Ferjutröð
Lóðarmörk
Gras/mön
7b
21517
13
13506